



HI

GRUNNNÁM Í FÉLAGSRÁÐGJÖF

Félagsráðgjöf snýst um fólk — svo einfalt, en jafnframt svo flókið

BA nám í félagsráðgjöf nýtur vaxandi vinsælda. Námið er afar hagnýtt fyrir öll sem hyggja á störf á sviði velferðar- og heilbrigðisþjónustu og er auk þess góður undirbúningur fyrir framhaldsnám.

Til að öðlast starfsréttindi í félagsráðgjöf þarf að ljúka BA námi í félagsráðgjöf og tveggja ára MA námi.

Starfsheiti félagsráðgjafa er lögverndað og þeir sem ljúka starfsréttindanámi í félagsráðgjöf geta sótt um starfsleyfi til Embættis landlæknis og mega þá kalla sig félagsráðgjafa. Starfsvettvangur félagsráðgjafa er afar fjölbreyttur og mikil eftirspurn er eftir starfskröftum þeirra.

Skipulag BA námsins

1. ÁR HAUST

Almenn félagsráðgjöf 6e
Áfengis- og vímuefnamál 6e
Félagsráðgjöf og íslenskt þjóðfélag 8e
Fræðileg vinnubrögð í háskóla 6e
Samvinna og samfélagsleg nýsköpun 4e

2. ÁR HAUST

Félagsmálalöggjöf I 6e
Réttarfélagsráðgjöf 4e
Skólafélagsráðgjöf 4e
Tölfræði I: Inngangur 8e
Valnámskeið

3. ÁR HAUST

Fjölmenningarfélagsráðgjöf 4e
Fötun og samfélag 4e
Inngangur að eigindlegum rannsóknaraðferðum 8e
Samfélagsvinna og notendasamráð 8e
Valnámskeið

1. ÁR VOR

Aðferðafræði 8e
Áföll, sorg og sálræn skyndihjálp 4e
Félagsmálástefnur 6e
Fjölskyldur og fjölskyldustefna 6e
Proski, samskipti og tengsl 6e

2. ÁR VOR

Félagsráðgjöf á heilbrigðissviði 4e
Félagsmálalöggjöf II 6e
Ofbeldi og vanræksla í fjölskyldum 6e
Tölfræði II: Gagnagreining 8e
Öldrun og málefni aldraðra 6e

3. ÁR VOR

BA ritgerð 12e
Félagsmálalöggjöf III 6e
Stjórnun 8e
Valnámskeið



HI

FÉLAGSRÁÐGJAFARDEILD

Nánar á hi.is/felagsradgjof

Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102 Reykjavík
+354 525 4000, hi@hi.is, www.hi.is

Fjölbreytt framhaldsnám í félagsráðgjöf

MA nám til starfsréttinda í félagsráðgjöf

MA nám til starfsréttinda er tveggja ára nám að loknu BA námi í félagsráðgjöf (120 ECTS). Í náminu öðlast nemendur færni til að starfa sem félagsráðgjafar. Þeir hljóta fræðilega þekkingu og klínísku þjálfun í vinnuaðferðum félagsráðgjafa. Nemendur sækja m.a. námskeið um fjölskylduvinnu og meðferð, greiningu geðrænna vandkvæða, hópvinnu, vinnu með börnum og unglingum auk viðtalstækni. Jafnframt fá nemendur þjálfun í aðferðafræði og vinna MA rannsókn á sviði félagsráðgjafar.

Hluti námsins felst í starfsþjálfun sem fer fram á stofnunum utan HÍ undir handleiðslu sérþjálfaðra starfsþjálfunarkennara. Að loknu MA námi til starfsréttinda í félagsráðgjöf geta nemendur sótt um löggild starfsréttindi í félagsráðgjöf til Embættis landlæknis.

MA nám í félagsráðgjöf- rannsóknarnám

Rannsóknatengt MA nám í félagsráðgjöf (120 ECTS) er hugsað fyrir nemendur með bakgrunn í félagsráðgjöf sem vilja dýpka þekkingu sína á völdu fræðasviði innan félagsráðgjafar.

MA nám í fjölskyldumeðferð

Markmið MA náms í fjölskyldumeðferð (120 ECTS) er að auka fræðilega og hagnýta þekkingu nemenda í fjölskyldufræðum ásamt því að efla starfsfærni.

Viðbótardiplómanám

Fjölbreytt framboð er af viðbótardiplómanámi (30 ECTS) við Félagsráðgjafardeild. Diplómanám veitir sérhæfingu og þekkingu á ákveðnu sérsviði. Athugið að framboðið er breytilegt á milli skólaára en allar nánari upplýsingar má nálgast á vef deildar www.hi.is/felagsradgjafardeild.

- Áfengis- og vímuefnamál
- Barnavernd
- Farsæld barna
- Fjölmennning, málefni innflytjenda og flóttafólks
- Handleiðsla
- Réttarfélagsráðgjöf
- Skólafélagsráðgjöf
- Starfsendurhæfing
- Öldrunarþjónusta

Inntöskuskilyrði

Upplýsingar um inntöskuskilyrði einstakra námsbrauta má sjá á ugla.hi.is/kennsluskra

Norrænt MA nám í öldrunarfræðum

Samnorrænt meistaranám í öldrunarfræðum (NordMaG) er þverfaglegt nám sem kennt er í samstarfi háskóla í þremur löndum, Íslandi, Noregi og Svíþjóð (120 ECTS). Markmiðið með náminu er að dýpka þekkingu nemenda á málefnum aldraðra og kynna þeim svið öldrunarfræða.

MA nám í öldrunarfræði

Öldrunarfræði (120 ECTS) er rannsóknarnám sem gefur nemendum tækifæri til að dýpka þekkingu sína á þeim helstu þáttum sem hafa áhrif á velferðarmál aldraðra, öldrunarþjónustu, stefnumótun, löggjöf og framkvæmd á sviðum félags- og heilbrigðisþjónustu.

Doktorsnám

Doktorsnám við Félagsráðgjafardeild (210 ECTS) samanstendur af 180 eininga doktorsritgerð og 30 einingum í námskeiðum á fræðasviði doktorsverkefnis. Markmiðið með náminu er að veita vísindalega þjálfun og búa nemendur undir vísindastörf, meðal annars háskólakennslu eða önnur sérfræðistörf í samfélaginu.